

Wood Oil

Flügger Wood Oil viðarolía er vörulína sem samanstendur af ýmiss konar vörum til olíumeðhöndlunar á við utanhúss. Olían ver yfirborð viðarins, en dregur um leið fram byggingu viðarins og æðamynstur.

Vörulýsing

Vatnsþynnt viðarolía sem hrindir frá sér vatni. Viðarolía með litarefni veitir bestu vörnina gegn skaðlegum útfjólubláum geislum frá sólinni. Hamlar vexti myglu og sveppagrodurs a yfirbordi lokaumferdar.



- Gerir byggingu viðarins og æðamynstur sýnilegri
- Vatnsfráhrindandi yfirborð
- Vatnsþynnt viðarolía

Notkunarmöguleikar

Fyrir viðarpalla og -girðingar og garðhúsgögn.
Ljósar viðartegundir, gagnvarinn viður.

Undirlag

Undirlagið þarf að vera ídrægt, hreint, þurr, þétt og henta til yfirmálunar.
Efnið má ekki nota á undirlag sem hefur verið lakkad, málað eða meðhöndlað með þekjandi viðarvörn.
Forðast ætti þverskorinn við með ófullnægjandi vernd, vatnsgildrur eða mögulega uppsöfnun vatns.
Rakahlutfall í viði fyrir málun má að hámarki vera: 18 %.

Meðhöndlun

Flagnandi eldri viðarvörn og trosnaðar viðartrefjar er fjarlægt með hreinsun og slípun.
Óhreinindi, fita og smitandi efni skal fjarlægja með Flügger Terrasserens.
Þörunga, myglu- og sveppagróður skal fjarlægja með því að hreinsa með Facade Anti-green.
Ójöfnur á yfirborðsletinum skal þússa þar til flöturinn er sléttur.

Notkun

Berið á með pensli eða rúllu og látið smjúga vel inn í viðinn.
Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit.
Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og strjúkið penslinum ævinlega í sömu átt.
Endurtakið meðhöndlun þar til viðurinn hefur mettast og hefur einsleita áferð, án þess að lakklag hafi myndast. Viðarolía er strokin af.
Forðast verður alla rakaþéttingu.
Forðist að vinna í beinu sólarljósi.
Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða.
Hærri lofthiti og líttill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann.
Gerið ævinlega prufo til að kanna viðloðun og útlit.

Væntanleg útkoma

Litlaus eða gagnsæ. Áætluð ending er 1 ár.
Yfirborðsþolið fer eftir gæðum viðarins, byggingu viðarins, aðferðum við meðhöndlun og váhrifum. Endingartími kann því að vera skemmti eða lengri en gefið er upp.

Athugið!

Verjið nýlega málað yfirborð gegn óhagstæðu veðri.

Gerিð viðeigandi ráðstafanir til að verjast áhrifum raka og rigningu á nýlega málað yfirborð.

Yfirborðið nær hámarksstyrk þegar það er fullharðnað.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægið sem mesta málningu af verkfærunum og þrífið þau svo með vatni. Hellid ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð. Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst. Geymið umframmlingu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Á svöldum, frostlausum stað og vel lokað

Viðbótar upplýsingar

Skrád í gagnagrunn fyrir vistværar byggingarvörur á Nordurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt ad nota vid Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

| Vara | Tréolía |
|---|-------------------------|
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.01 |
| Purrefnisinnihald vigt % | 22 |
| Purrefnisinnihald rúmmál % | 21 |
| Efnisnotkun (m ² /ltr.) | 6 |
| [wetgoodTDSCoverageLong] | 10 |
| [wetgoodTDSCoverageShort] | 4 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hámarks lofraki 80% RH. |
| Purrktími við 20°C, 60% RH (Timar) | 6 |
| Fullharðnað purrktími við 20°C, 60% RF | 24 |
| Fullharðnað purrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| þynning | Má ekki þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

Núverandi TDS útgáfa

desember 2021

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

desember 2021